

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 6. apríl 2016 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2016 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2-3, miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki. Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2015.
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2015, var aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is, og í ársreikningi á bls. 14 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 30 fyrir Aldursdeild, undir liðnum: Lífeyrisskuldbindingar.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgangsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 4) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.
- 8) Kosning varamanna.
- 9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 10) Önnur mál.
- 11) Málefni Hlutfallsdeildar.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar, tók til máls og vék máli sínu að stjórn og starfsmönnum sjóðsins.

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna (hér eftir „sjóðurinn“) var í lok árs 2015 skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru fulltrúar sjóðfélaga en þeir eru Friðbert Traustason, Sigurjón Gunnarsson og Þóra Valný Yngvadóttir. Fulltrúar aðildarfyrtækja eru einnig 3 en þeir eru Bergþóra Sigurðardóttir tilnefnd af bankaráði Landsbankans hf., Ásta H. Bragadóttir tilnefnd af bankaráði Seðlabanka

Íslands og Helgi H. Steingrímsson tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sameiginlega. Stjórnin skiptir með sér verkum, Friðbert er formaður og Bergþóra varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru 4 talsins, Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri, Halldór Emil Sigtryggsson, sérfræðingur, Hulda Björk Guðmundsdóttir, ritari og Margrét Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi. Sjóðurinn er til heimilis að Skipholti 50b. Kjörnir skoðunarmenn eru Guðrún Antonsdóttir og Jón Ívarsson. Í endurskoðunarnefnd eru Ásta H. Bragadóttir, Sigurjón Gunnarsson og Stefán Svavarsson er formaður. Löggiltur endurskoðandi er Knútur Þórhallsson hjá Deloitte hf. Tryggingafræðingur er Bjarni Guðmundsson og lögfræðingur sjóðsins er Sveinn Sveinsson, hrl.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega en haldnir voru 11 bókaðir fundir þar sem stjórnin fjallaði um ýmis mál. Í september 2015 lét Ólafur Kr. Valdimarsson af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins að eigin ósk og var Tryggvi Tryggvason ráðinn framkvæmdastjóri í hans stað. Þakkaði Friðbert Ólafi kærlega fyrir gott samstarf.

Friðbert vék því næst máli sínu að eftirliti og endurskoðun sjóðsins.

Engar breytingar voru gerðar á samþykktum sjóðsins á ársfundi ársins 2015 en nýjustu breytingar á samþykktum sjóðsins voru gerðar á ársfundi þann 26. mars 2014 og voru þær samþykktar af Fjármálaráðuneytinu þann 28. nóvember 2014. En Fjármálaráðuneytið verður að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðsins sem sjóðfélagafundir og aðildarfyrirtækin hafa samþykkt eða stjórn sjóðsins lagt fram.

Sjóðurinn starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að lögum um lífeyrissjóði sé framfylgt og fær eftirlitið ársfjórðungslegar skýrslur um rekstur og fjárfestingar sjóðsins. Sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri og innri endurskoðenda. Löggiltir endurskoðendur sjá um ytri endurskoðun og aðstoða við uppsetningu ársreikninga en aðrir löggiltir endurskoðendur sjá um innri endurskoðun. Síðan fylgist endurskoðunarnefnd, skipuð þremur aðilum, með vinnu endurskoðenda. Til viðbótar þessu sér tryggingafræðingur um tryggingafræðilega úttekt. Þá framkvæma félagslega kjörnir skoðunarmenn kannanir á helstu starfspáttum sjóðsins og vinna þeir mikið og gott starf fyrir sjóðinn. Endurskoðendur afgreiddu úttekt á sjóðnum í ár „án athugasemda“.

Þessu næst fór Friðbert yfir fjárfestingar sjóðsins.

Áfram er mikil íhaldssemi í fjárfestingum en þó sérstaklega hjá Hlutfallsdeild. Ávöxtun ársins 2015 var ágæt heilt yfir, 4,84% í Hlutfallsdeild en 7,86% hjá Aldursdeild. Ríkisskuldabréf eru í afar lágri stöðu en ávöxtunarkrafan á markaði er um 2-3%, virkir innlánssamningar enn með vexti á bilinu 3,4 - 5,3%, ný innlán eru að fást á u.þ.b. 2,5% vöxtum og eru sjóðfélagalán á um 3,5% vöxtum, ekki er mikil eftirspurn eftir sjóðfélagalánum en hún hefur þó eitthvað aukist. Þá fjárfestir sjóðurinn í hlutabréfum en eru slíkar fjárfestingar aðallega í Aldursdeild sem endurspeglast í ágætri ávöxtun deildarinnar.

Því næst vék Friðbert máli sínu að starfsemi einstakra deilda og byrjaði á Aldursdeild.

Í Aldursdeild voru í árslok 2015 virkir sjóðfélagar 1909 samanborið við um 1927 virka sjóðfélaga í árslok 2014. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild var um 30.470 milljónir króna í árslok 2015 samanborið við um 26.296 milljónir króna í árslok 2014, en um er að ræða hækkun um rúmlega 4 milljarða króna á milli ára. Eignir Aldursdeildar eru að aukast og þáttaka deildarinnar í rekstrarkostnaði sjóðsins eykst hlutfallslega í samræmi við það. Raunávöxtun deildarinnar var 7,86% árið 2015 samanborið við 5,06% ávöxtun árið 2014. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 5,43% og frá stofnun deildarinnar 1998 er raunávöxtun 4,06%. Aldursdeild þarf að lágmarki að uppfylla 3,5% raunávöxtun eigna til að uppfylla þá ávöxtunarkröfu sem áskilin er í lögum. Aldursdeild þolir vel sveiflur í ávöxtun þar sem útgreiðslur verða fyrirsjáanlega ekki miklar á næstu árum. Í lok árs 2015 voru eignir Aldursdeildar í íslenskum krónum um 91,69% en í erlendum gjaldmiðlum um 8,31%. Heilt yfir var árangur Aldursdeildar á árinu 2015 ágætur miðað við aðra lífeyrissjóði á landinu.

Þegar lítið er til framtíðar þá greiða allir nýráðnir starfsmenn aðildarfyrirtækja til Aldursdeildar, skv. samningi sjóðsins við aðildarfyrirtækin. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar í árslok 2015 var -

0,59% en var -2, 6% í árslok 2014 en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef niðurstaðan er undir -5,00 í 5 ár. Tryggingafræðileg staða Aldursdeildar batnar m.a. vegna ávöxtunar umfram 3,5% viðmið. Hingað til hefur ekki þurft að skerða réttindi sjóðfélaga Aldursdeildar eins og hjá flestum sambærilegum lífeyrissjóðum. Framundan eru almennt jákvæð tíðindi um lengri lífaldur en samkvæmt mannfjöldaspá hækkar hlutfall 65 ára og eldri frá um 13,5% upp í um 20% árið 2035. Slík þróun hefur þó í för með sér, að öllu óbreyttu, að hækka þarf skuldbindingar lífeyrissjóða. Það er viðfangsefni stjórnvalda, vinnumarkaðar og lífeyrissjóða að útfæra hvernig hækkun á lífaldri mun hafa áhrif á lífeyrisfyrirkomulagið eins og það er í dag. Uppi er mikil óvissa um tímasetningar á nýjum töflum um lífslíkur en hugsanlegt er að boða þurfi til framhaldsársfundar síðar á árinu af því tilefni. Í þessu samhengi hefur einn stór lífeyrissjóður, Stapi, fengið leyfi til að taka upp nýtt réttindakerfi og á heimasíðu Stapa segir m.a. um breytingarnar: „Nú um áramótin tóku gildi ákvæði, sem samþykkt voru á síðasta ársfundi sjóðsins, um nýtt réttindakerfi. Meginn tilgangur þessarar breytingar er að tryggja betra jafnvægi milli eigna sjóðsins á hverjum tíma og veðmætis þeirra lífeyrisréttinda sem sjóðurinn veitir.“ Fela þessar breytingar að meginstefnu í sér að lífeyrissjóðurinn er ekki skuldbundinn til að greiða annað en hann á hverju sinni og taldi Friðbert vert að skoða nánar hvort skynsamlegt væri að taka upp sambærilegt fyrirkomulag.

Þessu næst vék Friðbert máli sínu að starfsemi Hlutfallsdeildar.

Í Hlutfallsdeild voru í árslok 2015 virkir sjóðfélagar 202 samanborið við 241 virka sjóðfélaga í árslok 2014. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var um 37.121 milljónir króna í árslok 2015 samanborið við um 36.652 milljónir króna í árslok 2014, en um er að ræða hækkun um 469 milljón krónur milli ára. Raunávöxtun deildarinnar var 4,71% í árslok 2015 samanborið við 4,42% árið 2014. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun deildarinnar árið 1998 er 3,83%. Eins og Aldursdeild þarf Hlutfallsdeild að uppfylla ávöxtunarkröfu sem er að lágmarki 3,5% og miðað við það hafa forsendur deildarinnar um ávöxtun staðist. Hlutfallsdeild þolir ekki miklar sveiflur í ávöxtun og af þeim sökum eru eignir deildarinnar nú að mestu í verðtryggðum íslenskum krónum. Þegar lítið er til framtíðar Hlutfallsdeildar eru aðallega tvær spurningar sem vakna, í fyrsta lagi hvort reyna eigi að vinna upp halla á sjóðnum og í öðru lagi hvaða áhrif nýjar tölur um lífslíkur koma til með að hafa á deildina. Þegar lítið er til fyrri spurningarinnar er vert að benda á að Hlutfallsdeild var í jákvæðri stöðu eftir samninga sem gerðir voru við aðildarfyrirtækin 2006 um greiðslur til sjóðsins en tapaði á hinn bóginn um 10% af eignum sínum tveimur árum seinna í efnahagshruninu í lok árs 2008. Þá fer Hlutfallsdeild eftir öðrum reglum en t.d. Aldursdeild sem spilar inn í stöðu deildarinnar, má þar t.d. nefna reglur um hærri ávinnslu og 65 ára aldursmark við töku lífeyris, sem fer allt niður í 60 ára skv. 95 ára reglu. Fjárfestingarþörf Hlutfallsdeildar er ekki mikil í dag en ef miðað er við núverandi fjárfestingarstefnu deildarinnar sem er varfærin er líklega óraunhæft að reikna með hærri ávöxtun á næsta ári nema ef tekin verður upp fjárfestingarstefna sem leggur meiri áherslu á hlutabréf, skuldabréf fyrirtækja og erlenda fjárfestingu, en slíkri fjárfestingarstefnu fylgir jafnframt meiri áhætta. Er varðar síðari spurninguna þá myndi aðlögun að nýjum tölum um lífslíkur í einu skrefi þýða viðbótarhalla upp á u.þ.b. -10%. Ljóst er því að finna verður leið til að aðlaga Hlutfallsdeild að nýjum tölum um lífslíkur í góðri samvinnu við tryggingafræðing og Fjármálaeftirlitið. Í því samhengi kom fram í máli Friðberts að um áramótin 1997/1998 gátu sjóðfélagar valið á milli deilda sjóðsins, Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar. Nefndi Friðbert að það væri hans mat að rétt væri að skoða á næstu árum hvort tilefni væri til að gefa aftur möguleika á flutningi sjóðfélaga milli deilda óháð því hvernig samræður eða dómsmál gegn aðildarfyrirtækjum kynni að fara. Lauk Friðbert máli sínu um Hlutfallsdeild með því að vísa til þess að í lok fundar yrði farið nánar yfir málefni Hlutfallsdeildar og ákvörðun tekin um næstu skref.

Hinrik tók þá til máls og lagði til að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar í kjölfar yfirferðar Tryggva Tryggvasonar á næstu liðum sem eru annars vegar kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins og fjárfestingarstefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila. Var það samþykkt.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók þá næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Tryggvi fór yfir hvora deild fyrir sig.

Fyrst vék Tryggvi máli sínu að Hlutfallsdeild og fór hann yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild í árslok 2015. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var um 37.121 milljónir króna í árslok 2015 samanborið við um 36.652 milljónir króna í árslok 2014, en um er að ræða hækkun um 469 milljón krónur milli ára. Nákvæmar tölulegar upplýsingar má nálgast á bls. 6 í ársreikningi félagsins sem aðgengilegur er á vefsíðu sjóðsins. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Hlutfallsdeildar 31. desember 2015 og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2015 og ræddi þar nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 7 - 8, í ársreikningi sjóðsins.

Eftir að hafa farið yfir Hlutfallsdeild fór Tryggvi yfir Aldursdeild. Byrjaði Tryggvi á að fara yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í lok árs 2015. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild var um 30.470 milljónir króna í árslok 2015 samanborið við um 26.296 milljónir króna í árslok 2014, en um er að ræða hækkun um rúmlega 4 milljarða króna á milli ára. Tryggvi vék máli sínu að öðrum lykiltölum varðandi breytingar á hreinni eign og er hægt að nálgast tölulegar upplýsingar á bls. 21 í ársreikningi. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Aldursdeildar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2015 og ræddi nánar. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 22 – 23, í ársreikningi sjóðsins.

Að lokum benti Tryggvi á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum fyrir sitt hverja deildina, fyrir Hlutfallsdeild á bls. 8 – 20 og fyrir Aldursdeild á bls. 24 - 36.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að fjárfestingarstefnum sjóðsins.

3) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Í máli Tryggva kom fram að framsetning fjárfestingarstefna sjóðsins hefði breyst nokkuð milli ára en greina mætti í dag skýrari flokkun þá sérstaklega er varðar fjárfestingar í skuldabréfum. Þessar breytingar væru til mikilla bóta að hans mati þar sem skýrari stefnur fela í sér betri upplýsingar fyrir sjóðfélaga. Þá vísaði Tryggvi til þess að fjárfestingarstefnur sjóðsins væru endurskoðaðar reglulega og væru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is/sjodurinn/fjarfestingarstefnur/.

Tryggvi fór yfir fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar. Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar er varfærin, með lágt áhættustig og stöðuga raunávöxtun. Ástæðan fyrir þessari varfærni er vegna eðlis deildarinnar, Hlutfallsdeild hefur ekki mikið þol fyrir sveiflur þar sem um er að ræða lokaða deild með minnkandi innflæði fjármagns en aukningu í útflæði fjármagns á móti. Þá ræddi Tryggvi einstaka eignaflokka í fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar og hver markmið væru í hverjum eignaflokki. Í máli Tryggva kom m.a. fram að markmið fyrir innlend hlutabréf hefði verið hækkað úr 3% í 5%, og hámark úr 5% í 10%, og markmið fyrir ríkisskuldabréf lækkað úr 65% í 60%, en mikilvægt væri að sýna varfærni við slíkar breytingar.

Þá fór Tryggvi yfir fjárfestingarstefnu Aldursdeildar. Fjárfestingarstefna Aldursdeildar er einnig varfærin í eðli sínu en hefur þó töluvert hærra áhættustig en fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar. Fór Tryggvi yfir einstaka eignaflokka og hver markmið væru í hverjum eignaflokki. Í máli Tryggva kom m.a. fram að helstu breytingar hafi verið þær að markmið fyrir innlend hlutabréf hafi hækkað úr 18% í 21%, hámark úr 25% í 30%, og markmið fyrir ríkisskuldabréf lækkað úr 42% í 38%. Þá nefndi Tryggvi að gera mætti ráð fyrir því að skoðað yrði hvort markmið fyrir erlend verðbréf yrði rýmkað komi til losunar gjaldeyrishafta á næstu misserum.

Lauk Tryggvi máli sínu og Hinrik gaf orðið laust um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárfestingarstefnur sjóðsins.

R

Hulda Guðrún Þórólfsdóttir tók til máls og spurði hvort stjórn sjóðsins væri á launum hjá Hlutfallsdeild og Aldursdeild, þ.e. væri að fá laun hjá sitt hvorri deildinni. Tryggvi svaraði því til að laun stjórnar væri hluti af rekstrarkostnaði sjóðsins sem skiptist hlutfallslega á milli deilda eftir umsvifum þeirra.

Guðríður Kristjánsdóttir tók til máls og beindi spurningu sinni að Friðberti. Guðríður spurði hvað hefði orðið um rétt maka þegar Friðbert flutti sig úr Hlutfallsdeild yfir í Aldursdeild á sínum tíma. Friðbert svaraði og sagði að á þessum tíma þegar sjóðfélagar fluttust milli deilda hafi makaréttindi verið metin eins fyrir alla, óháð því hvort viðkomandi hafi átt maka eða ekki. Sagði Friðbert að hann minnti að makaréttur hefði verið reiknaður sem ákveðið meðaltal, m.v. aldur sjóðfélaga, tímalengd, o.s.v.frv. Nefndi Friðbert að ef það yrði boðið upp á að flytjast milli deilda aftur þá yrði makaréttur líklegast meðhöndlaður með svipuðum hætti.

Hinrik tók til máls og kvað orðið vera laust ef fleiri vildu kveða sér máls. Ekki tóku fleiri til máls og voru ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borin upp til samþykktar. Voru þau samþykkt með því að sjóðfélagar réttu upp hönd.

Þá kvað Hinrik þessum liðum vera lokið og næstur tæki til máls Bjarni Guðmundsson til að fara yfir tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins.

4) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en ítarlegar skýrslur hans voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins á slóðinni www.lifbank.is/sjodurinn/tryggingafræðileg-athugun/ og einnig á bls. 14 og 30 í ársreikningi sjóðsins undir liðnum: Lífeyrisskuldbindingar.

Bjarni gerði fyrst grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Bjarni fór yfir helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar í báðum deildum.

Í umfjöllun sinni um Aldursdeild nefndi Bjarni að forsendur fyrir deildina væru óbreyttar frá síðustu athugun. Þá hafi staða deildarinnar batnað töluvert á liðnu ári, og einnig áfallin staða, en megin ástæðan væri betri ávöxtun en forsendur gerðu ráð fyrir, eða um 8,5% miðað við endurmetna eign. Í máli Bjarna kom fram að búið væri að vinna upp hallan sem kom á deildina í kjölfar efnahagshruns, sem var um -10-12%, og væri niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar á árinu 2015 sú að heildarskuldbindingar deildarinnar umfram eignir næmu -0,5%. Nefndi Bjarni að Aldursdeild væri ein af fáum deildum á landinu sem hefði ekki þurft að lækka réttindi eftir hrún.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild nefndi Bjarni fyrst að breyting væri á forsendu vegna 95 ára reglu. Skuldbinding sjóðsins vegna 95 ára reglu var við uppgjör aðildarfyrirtækja, skv. eldri reglugerð við lok árs 1997, talin fjórðungur af þannig reiknaðri fjárhæð og var það hlutfall því notað við tryggingafræðilegar athuganir sjóðsins fram til ársins 2014. Tryggingafræðileg athugun á árinu 2015 leiddi hinsvegar í ljós að hlutfallsleg nýting reglunnar hefði verið töluvert umfram það og líklega nær því að vera 50% undanfarin ár. Í máli Bjarna kom fram að aðrar forsendur hefðu ekki breyst. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar er staðan sú að heildarskuldbindingar umfram eignir nema -2,6% sem er innan marka laga um starfsemi lífeyrissjóða og borin saman við stöðuna í árslok 2014 er um að ræða batnandi stöðu um 0,1%. Raunávöxtun deildarinnar var 4,71% í árslok 2015 samanborið við 4,42% árið 2014 og í því samhengi hefði mátt búast við því að staðan batnaði aðeins meira en hún gerði en það eru þá líklega aðrar forsendur sem eru deildinni óhagstæðar s.s. eins og að fólk sé að lifa lengur en lífslíkuforsendur gera ráð fyrir, sem er jákvætt.

82

Að lokum nefndi Bjarni að á ársfundi í fyrra hafi verið rætt um að breyta þyrfti mati á lífslíkum þannig að tekið yrði tillit til þeirra forsendna að dánartíðni hefði almennt farið lækkandi síðustu ár og áratugi. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir og Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga dregið til baka það reikniverk sem það hafði sett fram í því sambandi. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um það hvernig því máli yrði haldið áfram en ljóst væri að það yrði að bregðast við þessari stöðu. Ef það yrði gert í einu skrefi myndi skuldbindingin hækka um ca. 7% og yrði staðan aftur komin í um 10% halla eins og var fyrir um tveimur árum síðar, eins og Friðbert kom inn á í máli sínu.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

Ásdís Gunnarsdóttir tók til máls og spurði Bjarna hvernig 50% nýting á 95 ára reglu væri reiknuð. Bjarni svaraði og nefndi að aðferðin sem notuð væri við útreikning á 95 ára reglu væri þannig að reiknuð væri hækkan heildar skuldbindinga og lækkun iðgjalda sem hljótast myndi af því að helmingur þeirra sem kostu myndu nýta sér 95 ára reglu í stað þess að láta af störfum 67 ára. Ásdís spurði þá hvort reyndin væri ekki sú að flestir færu á lífeyri 60 ára sem nýttu sér regluna? Bjarni kvað svo ekki vera og nefndi að í raun væri reiknaður sá kostnaður fyrir sjóðinn sem hlytist af því að sjóðfélagi myndi nýta sér 95 ára reglu 62 ára og hversu kostnaðarsamara það væri fyrir sjóðinn miðað við þann sem myndi fara á lífeyri 67 ára. Svo væri tekinn helmingurinn af því sem munaði fyrir sjóðinn.

Þá tók til máls Sveinbjörn Hafliðason. Sveinbjörn nefndi að hann hefði einnig spurningu í sambandi við nýtingu á 95 ára reglunni. Í máli Sveinbjörns kom fram að nú væru að verða liðin tuttugu ár frá því að þau stóru mistök voru gerð að loka Hlutfallsdeild sem skilið hafi sjóðfélaga eftir á köldum klaka. Sagði Sveinbjörn að hann hafi á þeim tíma spurt hversu litlir fjármunir væru áætlaðir vegna nýtingar á 95 ára reglu en slíkar spurningar hafi verið virtar að vettugi. Annað hafi hinsvegar komið í ljós núna. Spurði Sveinbjörn hvenær þessi aukna nýting á 95 ára reglu hafi orðið hættuleg sjóðnum og hvaða aðildarfélög hafi nýtt sér að ýta fólki inn á regluna til að losna við að greiða þeim laun. Bjarni svaraði því til að hann myndi ekki nákvæmlega hvaða fjármunir hafi verið áætlaðir á sínum tíma vegna nýtingar á 95 ára reglu en nýting á 95 ára reglu allt fram til ársins 2000 hafi verið nálægt því sem upphaflegir útreikningar hafi miðað við en fljótlega í kjölfar þess hafi nýting reglunnar aukist í að vera u.þ.b. 50% og stuttu fyrir hrun náð um 60% nýtingu sem svo hafi lækkað aftur. Hvort það hafi verið eitt aðildarfyrirtæki umfram annað væri hins vegar ekki eitthvað sem Bjarni gæti svarað eftir minni. Þá tók Friðbert til máls og nefndi að framkvæmd hafi verið skoðanakönnun um það hverjir sjóðfélagar teldu að þeim hefði verið ýtt í að nýta 95 ára regluna. Skoðanakönnunin hafi fengið nokkuð góða svörun og hafi hlutfall þeirra sem töldu sér hafa verið ýtt til að nýta 95 ára regluna síðustu ár verið um 20-25%. Nefndi Friðbert að svör væru þó enn að berast.

Hinrik tók til máls og kvað orðið væri enn laust.

Sverrir Jónsson tók til máls og nefndi að hann teldi nokkuð ljóst af hverju 95 ára reglan væri nýtt jafn mikið og raun bæri vitni. Í fyrsta lagi hefðu aðildarfyrirtækin verið með hagræðingarstefnu sem hafi m.a. falist í því að ýta fólki á eftirlaun þegar þau gátu komist á 95 ára regluna og í öðru lagi hafi mikið af eldra fólki fundist starfsumhverfi sitt erfitt eftir hrun þannig að margir hverjir hafi kosið að taka 95 ára regluna og fara á eftirlaun.

Hinrik þakkaði Sverri fyrir þessa skýringu og kvað orðið enn vera laust. Enginn kvað sér máls.

5) Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar tillögur voru til umræðu.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Antonsdóttir og Jón Ívarsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

7) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr.

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá tillaga um að Friðbert Traustason, Ingólfur Guðmundsson og Sigurjón Gunnarsson yrðu kjörnir stjórnarmenn en þessir þrír höfðu skilað inn framboðum til stjórnar í samræmi við samþykktir. Þar sem ekki höfðu komið fram fleiri framboð voru stjórnarmenn sjálfkjörnir. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

8) Kosning varamanna.

Næst fór fram kosning varamanna í stjórn. Í framboði voru til 1. Varam. Helga Jónsdóttir og 2. Varam. Hildur Friðleifsdóttir og voru þær sjálfkjörnar. Enginn bauð sig fram til þriðja varamanns og var því auglýst eftir framboði á fundinum. Tilnefnd var Anna Kjartansdóttir sem þriðji varamaður. Óskaði Hinrik eftir því að sjóðfélagar greiddu atkvæði og var Anna Kjartansdóttir samþykkt sem þriðji varamaður með lófaklappi.

9) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga: Laun stjórnarmanns kr. 80.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 40.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærra en kr. 80.000.- á mánuði. Laun skoðunarmanna kr. 40.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik kvað orðið vera laust um fram komna tillögu.

Hulda Guðrún Þórólfsdóttir tók til máls og spurði hvort tillagan fæli í sér sömu laun og í fyrra. Hinrik svaraði því til að um væri að ræða hækkun milli ára, fyrir stjórnarmenn úr 70 þúsund krónum í 80 þúsund krónum og fyrir varamenn úr 35 þúsund krónum í 40 þúsund krónur. Hulda Guðrún svaraði og lagði til að laun stjórnarmanna yrðu ekki hækkuð og nefndi í því sambandi að laun stjórnarmanna væru greidd að hluta af Hlutfallsdeild, deild sem hengi á bláþræði þar sem ekki væri hægt að greiða sómasamlegar lífeyrisgreiðslur. Hinrik spurði hvort fleiri sjónarmið væru uppi varðandi þennan lið. Helga Jónsdóttir tók þá til máls og spurði hversu lengi laun stjórnarmanna hefðu verið 70 þúsund krónur. Sköpuðust umræður í sal og nefndi Friðbert að laun stjórnarmanna hefðu verið 70 þúsund krónur lengi, allavega frá því fyrir hrún.

Ekki kváðu fleiri sér til máls og bar Hinrik tillöguna um að hækka laun stjórnarmanna og varamanna fyrir fundinn. Greinilegur meirihluti var á móti tillögunni. Þá bar Hinrik upp tillögu um að laun stjórnarmanna og varamanna yrðu óbreytt frá fyrra ári. Greinilegur meirihluti var með tillögunni og var hún samþykkt.

Þá bar Hinrik upp tillöguna um að laun skoðunarmanna yrðu kr. 40.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Greinilegur meirihluti var með tillögunni og var hún samþykkt.

10) Önnur mál.

Því næst tók Hinrik til máls og hvatti sjóðféлага í Hlutfallsdeild til að sitja áfram undir næsta fundarlið þar sem farið yrði yfir þær aðgerðir og samskipti sem átt hefðu sér stað frá aukafundi sjóðféлага Hlutfallsdeildar. Þá var sjóðfélögum Aldursdeildar boðið að sitja áfram ef þeir óskuðu þess.

Gaf fundarstjóri orðið laust.

Ingólfur Guðmundsson kom í pontu og með leyfi Ingólfs er ræða hans hér orðrétt:

„Ágætu sjóðsfélagar,

Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir aðdraganda þess að ég gaf kost á mér í stjórn sjóðsins. Ég starfa nú sem framkvæmdastjóri iKorts og sit í nokkrum stjórnnum m.a. Eyri Invest og Rekstrarfélags Virðingar, áður Auðar Capital.

Ég hef langa starfsreynslu á sviði lífeyrismála m.a. sem stjórnarmaður Íslenska lífeyrissjóðsins í 14 ár og þá lengst af sem stjórnarformaður. Ég starfaði einnig um tíma sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga en vegna ólögmæts inngrips FME gegndi ég því starfi aðeins í 9 mánuði. Ég hef því öðlast mikla reynslu á því hvað það er mikill ábyrgðarluti að gegna trúnaðarstarfi fyrir lífeyrissjóði og heiti ég ykkur því að ég sem óháður stjórnarmaður mun eftir fremsta megni vinna að því að tryggja hagsmuni ykkar sem best.

Ástæðan fyrir því að ég gaf kost á mér í stjórn sjóðsins er sú að nokkrir fyrrum starfsfélagar mínir sem voru komnir á eftirlaun höfðu samband við mig þegar ljóst var að skerða þurfti lífeyrisgreiðslur Hlutfallsdeildarinnar.

Ég verð að segja að það kom mér eins og ykkur á óvart hversu slæm staða deildarinnar var og einnig hve lengi stjórn sjóðsins hefði dregið að ræða við aðildarfélögin um þá þróun sem hafði orðið á tryggingafræðilegri stöðu Hlutfallsdeildarinnar. Einnig tel ég að upplýsingagjöf af hálfu stjórnar til sjóðsfélaga varðandi stöðu mála hafi verið langt frá því að geta talist fullnægjandi.

Það er einnig umhugsunarefni að það þyrfti að koma til beinna afskipta þessara eftirlaunabega til að koma málum deildarinnar í eðlilegan farveg. Ég mun sem óháður stjórnarmaður halda þeirri vinnu áfram.

Í þessu sambandi hafa margir komið við sögu bæði konur og karlar og lagt á sig mikla vinnu en ég vil nefna sérstaklega þá Kjartan Sigurgeirsson, Brynjólf Þór Brynjólfsson, Jóhann Birgisson, Hauk Þór Haraldsson og Sigurð Einarsson. Við skulum þakka þessum félögum okkar framtak þeirra með því að gefa þeim gott klapp.“

Hinrik þakkaði Ingólfi fyrir og kvað orðið vera laust.

Guðríður Kristjánsdóttir kom í pontu og tók til máls. Nefndi Guðríður að á síðasta fundi hafi Ari Skúlason gert athugasemd við ársreikning er varðaði rekstrarkostnað og Friðbert svarað því til að það væri venja að skilja sæmilega við fólk þegar það lyki störfum og það gerði sjóðurinn líka. Spurði Guðríður hvað fælist í þessum orðum Friðberts og hvort verið væri að verðlauna fólk með aukagreiðslum þegar það léti af störfum hjá sjóðnum. Í því sambandi nefndi Guðríður að hún teldi að ekki þyrfti að verðlauna fólk sérstaklega með fleiri milljónum þegar það léti af störfum og vildi biðja sjóðfélaga að hugsa um það hvort ekki þyrfti að leggja til á næsta fundi að slíkt yrði tekið af sem framkvæmd hjá sjóðnum, ef væri.

Hinrik þakkaði Guðríði fyrir og kvað orðið enn vera laust. Engir fleiri kváðu sér hljóðs. Hinrik óskaði þá eftir umboði fyrir fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð og var það samþykkt án andmæla.

Hinrik gerði þá fimm mínútna hlé fyrir síðasta fundarlið, málefni Hlutfallsdeildar.

11) Málefni Hlutfallsdeildar

Að loknu fundarhléi tók Tryggvi Trygvason til máls og byrjaði á að rifja upp helstu atriði aukafundar Hlutfallsdeildar frá 7. október 2015. Í því sambandi vísast til fundargerðar sem aðgengileg er á vefsíðu sjóðsins undir liðnum ársfundir, undir heitinu fundargerð 2015 - aukafundur.

Þá gerði Tryggvi skilmerkilega grein fyrir þeim aðgerðum og samskiptum sem átt höfðu sér stað frá framangreindum fundi og mat stjórnar sjóðsins á stöðu málsins. Í máli Tryggva kom m.a. fram í stórum dráttum að viðræður hefðu átt sér stað við aðildarfyrirtækin þar sem málið hafi verið kynnt og þess hafi verið óskað af hálfu sjóðsins að frekari viðræður ættu sér stað um lausn málsins með aðkomu aðildarfyrirtækjanna. Aðildarfyrirtækin hafi hinsvegar ekki talið efni til frekari viðræðna með þeim skýringum að engin ábyrgð væri til staðar af þeirra hálfu. Þá lýsti Tryggvi því að einnig hefði verið óskað eftir viðræðum við Fjármálaráðherra í sambandi við ábyrgð ríkisins en þeirri beiðni væri enn ósvarað og eftir því sem lengri tími liði yrði að teljast ólíklegt að vilji væri til viðræðna af hálfu ríkisins. Að lokum vísaði Tryggvi til þess að það væri mat fyrirsvarsmanna sjóðsins að ólíklegt yrði að telja að samkomulag næðist við aðildarfyrirtækin að svo stöddu og kvað málið nú vera í höndum sjóðfélaga að taka ákvörðun um næstu skref.

Hinrik tók til máls og kvað orðið vera laust.

Kjartan Sigurgeirsson kom í pontu og sagðist vera með tvær ályktanir sem hann vildi bera undir fundinn. Þær hljóðuðu svo:

Tillaga 1:

„Fyrir liggur að forsendur uppgjors á ábyrgð aðildarfyrirtækja Lífeyrissjóðs bankamanna frá 1997 varðandi lífeyristökualdur og nýtingu svokallaðrar 95 ára reglu gengu ekki eftir. Þá liggur fyrir að kostnaður sjóðsins vegna þessara réttinda hefur orðið verulega hærri en gert var ráð fyrir. Hafa sjóðfélagar nú þegar þurft að taka á sig skerðingu lífeyrisréttinda og ekki er útséð með frekari skerðingar.

Þar sem ólíklegt er talið að samkomulag náist við aðildarfélög sjóðsins um leiðréttingu vegna þessa forsendubrest og ekki hefur borist svar um aðkomu ríkisins á grundvelli laga nr. 50/1997, þá eru sjóðfélagar tilneyddir til að leita réttar síns.

Ársfundur Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna felur stjórn sjóðsins, með aðstoð Jónasar Fr. Jónssonar, hdl., að leita nauðsynlegra lagalegra úrræða til að hnekkja ósanngjörnu uppgjöri ábyrgðar aðildarfyrirtækja frá 1997.“

Tillaga 2:

„Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna felur stjórn og starfsmönnum sjóðsins að kanna með sama hætti og áður hvort þeir lífeyrisþegar Hlutfallsdeildar sem hafa hafið töku lífeyris frá 7. október 2015 hafi verið þvingaðir eða hvattir til að nýta 95 ára reglu.

Einnig er lagt til að könnun þessi verði gerð eftirleiðis jafnhliða því sem sjóðfélagar Hlutfallsdeildar hefja töku lífeyris.“

Hinrik þakkaði Kjartani fyrir og kvað orðið vera laust. Enginn kvað sér hljóðs. Hinrik las þá tillögurnar upp að nýju orðrétt svo það færi ekki á milli mála um hvaða tillögur verið væri að kjósa um.

Hinrik las upp fyrri tillögu Kjartans orðrétt og óskaði eftir því að sjóðfélagar greiddu atkvæði um tillöguna með því að gefa merki. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og afhent stjórn sjóðsins til afgreiðslu.

Hinrik las þá upp síðari tillögu Kjartans orðrétt og óskaði eftir því að sjóðfélagar greiddu atkvæði um tillöguna með því að gefa merki. Tillagan var samþykkt samhljóða eins og sú fyrri og vísaði Hinrik tillögunni til afgreiðslu stjórnar sjóðsins.

Að lokum þakkaði Hinrik fyrir góða fundarsetu, málefnalega umræðu og fundarritara fyrir vel unnin störf. Þá þakkaði Hinrik stjórn sjóðsins fyrir þeirra hlutverk og framkvæmdastjóra sjóðsins og öðrum starfsmönnum.

Þá kvað sér til máls Ólafur Jakobsson og kom í pontu. Ólafur sagði að hann vænti þess og vonaðist til, og teldi a.m.k., að úr þessari skoðanakönnun sem gerð hafi verið með tilliti til 95 ára reglunnar að tryggingastærðfræðingur eigi að geta reiknað út hvaða áhrif það kunni að hafa haft á fjárhagsstöðu sjóðsins að aðildarfélögin kunni að hafa ýtt svo og svo mörgum á eftirlaun sem hafi ekki óskað eftir því. Í því sambandi sagðist Ólafur óska þess að sjóðfélögum yrðu kynntar þessar tölur við tækifæri og áður en svo langt um liði. Í því samhengi nefndi Ólafur að æskilegt væri að athuga hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar við breytingarnar 1997 þegar Aldursdeild varð til, áhrif þess hve lífaldur hefur hækkað í landinu frá þeim tíma og hvort eðlilegt geti talist að aðildarfyrirtækin taki þátt í að bæta hag sjóðsins í því samhengi.

Að lokum nefndi Ólafur að hann hefði siðferðislega spurningu sem snerti stjórnvöld því þau þrýstu svo mjög á um að reglum um lífeyrissjóði yrði breytt á sínum tíma en þessu var breytt líka hjá ríkisstarfsmönnum, þ.e. tvær deildir urðu til en deildin með 95 ára regluna er á ríkisábyrgð og nefndi Ólafur að hann velti fyrir sér hvort hver og einn einstaklingur sem er í Hlutfallsdeild eigi ekki að njóta ríkisábyrgðar einnig því að á sínum tíma voru þessar stofnanir í ríkiseigu og nú vill svo til að Landsbankinn er í ríkiseigu að nýju. Ef til vill ætti því að spyrja Fjármálaráðherra að því af hverju bankamenn njóti ekki ríkisábyrgðar eins og aðrir ríkisstarfsmenn. Lauk Ólafur máli sínu með þeim orðum að þetta væru hans hugleiðingar og spurningar og þakkaði kærlega fyrir sig.

Tryggvi tók til máls og nefndi að í því bréfi sem sjóðurinn sendi til Fjármálaráðherra þar sem óskað hefði verið viðræðna við ríkið um málefni Hlutfallsdeildar hafi að hluta til verið tæpt á þeim atriðum sem Ólafur nefndi. Tók Tryggvi fram að þessi sjónarmið yrðu höfð til hliðsjónar í framhaldinu og að þeir sem að málinu kynnu að koma myndu taka tillit til þeirra eins og framast væri unnt.

Hinrik kvað orðið vera laust en enginn kvað sér máls. Þakkaði Hinrik fyrir góðan fund.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Var fundi slitið um kl. 19:45. Fundarmenn voru um það bil 115 talsins.

Reykjavík, 19. júní 2017

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson


Pálmi Rögnvaldsson